



## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Þór Tómasson
Sími ábyrgðarmanns	4223225
Netfang ábyrgðarmanns	thort@mannvit.is
Nafn fyrirtækis	Atlantsólía
Kennitala fyrirtækis	590602-3610
Starfsstöð fyrirtækis	Óseyrarbraut 23
Póstnúmer og staður	220 Hafnarfjörður
Sími fyrirtækis	5913100
Netfang fyrirtækis	atlantsolia@atlantsolia.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Guðrún Ragna Garðarsdóttir
Sími tengiliðs	5913150
Netfang tengiliðs	gudrun@atlantsolia.is

## Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Atlantsólía rekur birgðastöð fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu. Um er að ræða einn 3.800 m<sup>3</sup> bensíntank (nýtanlegt rými 3.400 m<sup>3</sup> vegna innra fljótandi þaks) og tvo 3.800 m<sup>3</sup> tanka sem nota má fyrir dísilolíu, lífdísilolíu og gasolíu. Einnig er löndunarbúnaður fyrir olíu úr skipum við löndunarbryggju, allt að 100 m<sup>3</sup> tankar og annar búnaður fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaður á flutningstanka, slökkvikerfi og annar búnaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994.

Uppdrættir af staðsetningu	Yfirlitsmynd.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Deiliskipulag Óseyrarbraut 23.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Starfsleyfisumsókn skv 10.gr 20150902.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Bensín, dísilólía og gasólía, auk litarefnis til íblöndunar til íblöndunar fyrir litaða gasolíu á flutningsgeyma, lífdísil til íblöndunar í dísilolíu á flutningsgeyma, og hugsanlega alkóhól til íblöndur í bensín á flutningsgeyma í samræmi við kröfur í reglugerðum

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Losun vatns úr lekaþróum og af áfylliplani er um oliuskilju í fráveitukerfi Hafnarfjarðar-bæjar. Fráveitukerfi Hafnarfjarðar flytur fráveituvatn í hreinsistöð sína við Hraunsvík. Losun rokgjarnra lífrænna efna er í gegnum gufusöfnunarbúnað og er undir 35 g/Nm<sup>3</sup> við áfyllingu á bíla. Losun úr birgðageymum er í lágmarki vegna þess að bensínbirgða-tankur er með fljótandi innra þaki, sem takmarkar losun á bensínugufum við löndun á olíu úr skipum og í almennum rekstri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999. Sjá greinargerð um áhrif olíumengunar á eftirfarandi slóð:  
://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/httpmengun/Olia\_-\_upplys.\_til\_fjolmidla.pdf

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?	olia_-_upplys._til_fjolmidla.pdf
-------------------------------------	----------------------------------

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Frárennslið fer um viðurkenndar oliuskiljur með sandföngum. Allir oliutankar eru í lekaþróum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994.

Bensínugufum við áfyllingu á flutningsgeyma er safnað um gufuendurvinnslubúnað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999. Bensínbirgðatankur er með innra fljótandi þaki með tvöfaldri þéttingu í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar.

Eftirlit er með öllum búnaði í samræmi við rekstrarhandbók og kröfur reglugerða.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?	Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.pdf
---	---

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Sett hefur verið upp eftirlitskerfi tengt rekstrarhandbók oliubirgðastöðvarinnar. Þar er skráð daglegt, vikulegt, mánaðarlegt og árlegt eftirlit með mengunarvörnum, mögulegri losun og fyrirbyggjandi viðhald.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Atlantsólía leggur áherslu á snyrtilega umgengni og að nota eldsneyti með bestu gæðum til að lágmarka myndun á úrgangi. Úrgangsolíu, olíusora og sandi úr sandskiljum er safnað af viðurkenndum söfnunaraðila. Olíublautum þurrkum og ísogsefni er safnað í þar til gerð ílát og sent til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir slík efni til endurvinnslu eða eyðingar. Atlantsólía endurvinnur ekki eða meðhöndlar á annan hátt úrgangsolíu í oliubirgðastöð sinni.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Eins og fram kemur í liðnum hér að ofan flokkast er flokkast úrgangur frá birgðastöðinni allur sem spilliefni og er heildarmagn þeirra nú um 6000 kg á ári.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að dragaFrárennsli sem er hreinsað veldur myndun spilliefna úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar eins tilgreint er í liðnum hér að ofan, sem skila þarf til móttökustöðvar fyrir slík efni.

Munu losunarpættir viðkomandi reksturs hafa í för með Losun Atlantsólíu hefur lítið sameiginlegt með annarri sér sammögnunaráhrif? starfssemi í nágrenninu.

## Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)  
Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Atlantsólía rekur birgðastöð fyrir bensín, dísilolíu og gasolíu. Um er að ræða einn 3.800 m<sup>3</sup> bensintank (nýtanlegt rými 3.400 m<sup>3</sup> vegna innra fljótandi þaks) og tvo 3.800 m<sup>3</sup> tanka sem nota má fyrir dísilolíu, lífdísilolíu og gasolíu. Einnig er löndunarbúnaður fyrir olíu úr skipum við löndunarbryggju, allt að 100 m<sup>3</sup> tankar og annar búnaður fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaður á flutningstanka, slökkvikerfi og annar búnaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994.

Bensíni, dísilolíu, og gasolíu er dælt frá skipi við löndunarbryggju í Hafnarfjarðarhöfn um niðurgrafnar flutningslagningar í oliubirgðastöðina. Lífdísilólía kemur annað hvort með skipi eða í tankbílum. Önnur íblöndunarefni, alkóhól og litarefni eru flutt landleiðina í tankbílum og sett í litla tanka. Íblöndunarefnum er blandað í bensín, dísilolíu og gasolíu á flutningsgeyma á áfylliplani stöðvarinnar í samræmi við kröfur reglugerða.

Losun vatns úr lekaþróum og af áfylliplani er um oliuskilju í fráveitukerfi Hafnarfjarðar-bæjar. Fráveitukerfi Hafnarfjarðar flytur fráveituvatn í hreinsistöð sína við Hraunsvík.

Losun rokgjarnra lífrænna efna er í gegnum gufuföfnunarbúnað og er undir 35 g/Nm<sup>3</sup> við áfyllingu á bíla. Losun úr birgðageymum er í lágmarki vegna þess að bensínbirgða-tankur er með fljótandi innra þaki, sem takmarkar losun á bensíngufum við löndun á olíu úr skipum og í almennum rekstri í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999. Frárennslið fer um viðurkenndar oliuskiljur. Allir oliutankar eru í lekaþróum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994.

Bensíngufum við áfyllingu á flutningsgeyma er safnað um gufueyndvinnslubúnað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 252/1999. Bensínbirgðatankur er með innra fljótandi þaki með tvöfaldrí þéttingu í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar.

Eftirlit er með öllum búnaði í samræmi við rekstrarhandbók og kröfur reglugerða.

Sett hefur verið upp eftirlitskerfi tengt rekstrarhandbók oliubirgðastöðvarinnar. Þar er skráð daglegt, vikulegt, mánaðarlegt og árlegt eftirlit með mengunarvörnum, mögulegri losun og fyrirbyggjandi viðhald.

Atlantsólía leggur áherslu á snyrtilega umgengni og að nota eldsneyti með bestu gæðum til að lágmarka myndun á úrgangi. Úrgangsolíu, olíusora og sandi úr sandskiljum, samtals um 6000 kg á ári, er safnað af viðurkenndum söfnunaraðila. Olíublautum þurrkum og ísogsefni er safnað í þar til gerð ílát og sent til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir slík efni til endurvinnslu eða eyðingar. Atlantsólía endurvinnur ekki eða meðhöndlar á annan hátt úrgangsolíu í oliubirgðastöð sinni.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri	Atlantsólía mun byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi byggt á rekstrarhandbókum stöðvarinnar.
Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	'Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar_V06_2015.pdf
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	'Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar_V06_2015.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

---

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við [Tryggingayfirlit.pdf](#)  
lög nr. 33/2004

---

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda [AO\\_Birgðastöð\\_Áhættumatsskýrsla.pdf](#)

---

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda [Viðbragðsáætlun.pdf](#)

---

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

---

Viðbótargögn [Starfsleyfisumsókn skv 10.gr 20150902.pdf](#)

---

Viðbótargögn

---